

## ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/1782

2023/EES/63/14

frá 25. nóvember 2020

## um breytingu á ákvörðun nr. 573/2014/ESB um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana (\*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 149. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 573/2014/ESB (3) er komið á neti opinberra vinnumiðlana í Evrópu („net opinberra vinnumiðlana“) fyrir tímabilið 17. júní 2014 til 31. desember 2020.
- 2) Net opinberra vinnumiðlana miðar að því að nútímavæða og efla opinberar vinnumiðlanir með það fyrir augum að auka afköst þeirra, gæði þjónustunnar, árangur þeirra og skilvirkni. Þessu yrði náð fram með því að veita vettvang fyrir samanagerð á frammistöðu þeirra á vettvangi Sambandsins, tilgreina bestu starfsvenjur og koma á gagnkvæmu námskerfi, með það fyrir augum að stuðla að mannsæmandi störfum og sjálfbærum störfum og störfum fyrir alla. Það miðar einnig að því að veita opinberum vinnumiðlunum fleiri tækifæri til að styðja við þróun nýskapandi, framtíðarmiðaðra og gagnreyndra stefna í samræmi við viðeigandi stefnufrumkvæði Sambandsins og við þau efnahagslegu og félagslegu markmið og atvinnumarkmið sem sett eru fram í 3. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.
- 3) Net opinberra vinnumiðlana hefur átt stóran þátt í að hvetja til frekara samstarfs milli aðildarríkja innan ábyrgðarsvæðis opinberra vinnumiðlana sem og stuðlað að nútímavæðingu og styrkingu opinberra vinnumiðlana. Mat á framkvæmd ákvörðunar nr. 573/2014/ESB sýnir að net opinberra vinnumiðlana hefur haft jákvæð áhrif og hvenær má draga lærdóm af mismunandi starfsemi og reynslu. Enn fremur hefur net opinberra vinnumiðlana aukið getu sína og þróað nýskapandi og gagnreyndar ráðstafanir til að framkvæma atvinnustefnur.
- 4) Til að nýta þann árangur sem náðst hefur hingað til og rækta frekara samstarf milli opinberra vinnumiðlana ætti að framlengja tímabilið fyrir net opinberra vinnumiðlana til 31. desember 2027.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 400, 30.11.2020, bls. 7 Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 224/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (biður birtingar).

(1) Álit frá 30. október 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. nóvember 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. nóvember 2020.

(3) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 573/2014/ESB frá 15. maí 2014 um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana (Stjtið. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 32).

- 5) Net opinberra vinnumiðlana ætti að styrkja samstarf milli aðila þess og þróa sameiginleg framtaksverkefni í þeim tilgangi að skiptast á upplýsingum og bestu starfsvenjum á öllum aðgerðasvæðum opinberra vinnumiðlana með því að veita samanburðargreiningar og ráð og hvetja til nýskapandi framtaksverkefna á sviði atvinnumiðlunar. Í því samhengi, og eftir því sem við á, ætti að leggja áherslu á samstarf opinberra vinnumiðlana til að auðvelda aðlögun aðila, sem heyra undir reglur Sambandsins um samræmingu almannatryggingakerfa, og þá aðstoð sem þeim er veitt. Starf nets opinberra vinnumiðlana ætti að gera kleift að bera saman allar opinberar vinnumiðlanir á allan hátt, gagnreynt og með áherslu á frammistöðu þeirra, til að hægt sé að ákvarða bestu starfsvenjur á starfssviðum þeirra, sem stuðlar að betri hönnun og veitingu vinnumiðlunar innan tiltekins valdsviðs þeirra. Framtaksverkefni nets opinberra vinnumiðlana ættu að bæta skilvirkni opinberra vinnumiðlana og stuðla að skilvirkari nýtingu á opinberu fjármagni.
- 6) Net opinberra vinnumiðlana ætti að styðja framkvæmd Evrópustofnunar félagslegra réttinda, en meginreglur hennar fela í sér virkan stuðning við atvinnumál. Það ætti einnig að stuðla að samfélagslega réttlátum umskiptum í átt að grænu hagkerfi og framkvæmd viðeigandi meginreglna og markmiða heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, með því að auka hagvöxt fyrir alla og sjálfbæran hagvöxt og atvinnu, sem og mannsæmandi störf fyrir alla.
- 7) Net opinberra vinnumiðlana ætti að halda áfram að efla og styrkja kerfisbundið og kerfislægt samstarf við aðra viðeigandi hagsmunaaðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. einkum stofnanir Sambandsins á sviði atvinnumála, félagsmála-stefnu, kynjajafnréttis, menntunar og þjálfunar, sem og aðila vinnumarkaðarins, þjónustuveitendur á sviði atvinnu- og félagsmála, stofnanir sem starfa í þágu viðkvæmra hópa og staðar- og svæðisyfirvalda, til að stuðla að samlegðaráhrifum, miðla bestu starfsvenjum og tryggja samræmdan regluramma, þar sem við á.
- 8) Styðja ætti nægilega við hlutverk opinberra vinnumiðlana við að veita fólki í atvinnuleit og fyrirtækjum skilvirkari þjónustu á landsvísi og, ef við á, á svæðisbundnum vettvangi, með nægilegum mannafla og fjárstuðningi fyrir þjálfun starfsfólks og búnað. Aðildarríkin ættu að veita opinberum vinnumiðlunum nauðsynleg úrræði til að gera opinberu vinnumiðlunum kleift, með fullnægjandi hætti, að taka á stafvæðingu hagkerfisins, breyttu vinnumynstri, þ.m.t. nýjum vettvangi hagkerfa, og félagslegri og lýðfræðilegri þróun.
- 9) Fjárstuðningur Sambandsins við net opinberra vinnumiðlana ætti að vera aðgengilegur í samræmi við fjárhagsrammann til margra ára fyrir tímabilið 2021-2027.
- 10) Net opinberra vinnumiðlana og framtaksverkefni þess ættu að vera fjármögnuð í samræmi við fjárhagsáætlun Sambandsins og innan marka þeirra fjárheimilda sem Evrópuþingið og ráðið ákveða.
- 11) Aðildarríki ættu að hafa aðgang að fjármögnun úr viðkomandi áætlunum Sambandsins að því er varðar verkefni sem net opinberra vinnumiðlana þróar eða eru tilgreind í gagnkvæmum lærdómi og einstakar opinberar vinnumiðlanir framkvæma.
- 12) Til að tryggja snurðulausa samfelldni í starfsemi nets opinberra vinnumiðlana ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.
- 13) Því ætti að breyta ákvörðun nr. 573/2014/ESB til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun nr. 573/2014/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrstu málsgreinar 1. gr. kemur eftirfarandi:

„Hér með er neti opinberra vinnumiðlana í gervöllu Sambandinu („net opinberra vinnumiðlana“) komið á fót fyrir tímabilið frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2027. Net opinberra vinnumiðlana skal koma þeim framtaksverkefnum, sem mælt er fyrir um í 4. gr., til framkvæmda.“

## 2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Markmiðið með þessari ákvörðun er að hvetja til samstarfs milli aðildarríkjanna, á ábyrgðarsviðum opinberra vinnumiðlana, í gegnum net opinberra vinnumiðlana í því skyni að vinna að því að koma atvinnustefnu Sambandsins til framkvæmda. Þetta mun einnig hjálpa til við framkvæmd meginreglna Evrópustóðar félagslegra réttinda, stuðla að markmiðum Græna samkomulagsins í Evrópu og að ná markmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og styðja þannig við.“

## b) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) alla viðkvæma hópa samfélagsins þar sem hlutfall atvinnulausra er hátt, einkum eldri starfsmenn og ungt fólk sem hvorki hefur atvinnu né er í námi eða þjálfun, sem og fatlað fólk og fólk sem verður fyrir mismunun á margvíslegum grundvelli,“

## c) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) betri starfsemi vinnumarkaða og vinnumarkaði fyrir alla,

ca) kynjajafnrétti,

d) að greindur sé skortur á tiltekinni færni og upplýsingar veittar um umfang þessa og staðsetningu og einnig að færni atvinnuleitenda og þarfir vinnuveitenda séu betur paraðar saman, þ.m.t. að greindar séu þarfir á starfsþjálfun sem og ráðningarhæfi atvinnuleitenda og að koma í veg fyrir atvinnuleysi, t.d. með starfsráðgjöf og þjálfun,“

## 3) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað i. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:

„i. framlag til að draga úr atvinnuleysi hjá öllum aldurshópum, kynjum og hjá viðkvæmum hópum,“

## b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) stuðla að nútímavæðingu og eflingu opinberra vinnumiðlana á lykilsviðum með tilliti til atvinnu- og félagsmálafestefnu Sambandsins og að teknu tilliti til Evrópustóðar félagslegra réttinda, Græns samkomulags í Evrópu og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem og áskorana í tengslum við stafvæðingu, breytingar á vinnumarkaði og vinnumynstrum og lýðfræðilegar breytingar,“

## c) Í stað f- og g-liðar kemur eftirfarandi:

„f) samþykkt og framkvæmd árlegrar starfsáætlunar sinnar þar sem koma fram starfsaðferðir þess, niðurstöður sem vænst er og atriði í tengslum við framkvæmd lærdómsviðmiða, sem og miðlunar- og samstarfsáætlanir,

g) stuðla að og miðla bestu starfsvenjum við að greina ungt fólk sem hvorki hefur atvinnu né er í námi eða þjálfun, við að þróa framtaksværfni til að tryggja að þetta unga fólk afli sér þeirrar færni sem nauðsynleg er til að komast inn á vinnumarkaðinn og vera þar áfram, og við aðlögun þeirra sem hafa verið atvinnulausir í langan tíma og annarra viðkvæma hópa að vinnumarkaði,“

## 4) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

**Samstarf**

Net opinberra vinnumiðlana skal þróa samstarf við viðeigandi hagsmunaaðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. aðra þá sem veita vinnumiðlunar- og félagsþjónustu og aðila vinnumarkaðarins og, eftir því sem við á, stofnanir Sambandsins á sviði atvinnumála, félagsmálafestefnu, kynjajafnréttis, menntunar og þjálfunar, stofnanir sem starfa í þágu atvinnulausra einstaklinga eða annarra viðkvæmra hópa, jafnréttisstofnanir, starfsmenntunastofnanir, frjáls félagasamtök sem starfa á sviði atvinnumála og réttlátara umskipta, og svæðis- og staðaryfirvöld, með því að hafa þá með í viðeigandi starfsemi og fundum nets opinberra vinnumiðlana og skiptast á upplýsingum og gögnum við þá. Net opinberra vinnumiðlana getur miðlað bestu starfsvenjum til viðeigandi opinberra vinnumiðlana í þriðja landi.“

5) Í stað 5. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Stjórnin skal njóta aðstoðar skrifstofu sem framkvæmdastjórnin sér henni fyrir og hýsir. Skrifstofan skal, í samstarfi við formann og varaformenn, undirbúa fundi stjórnar, árlegu vinnuáætlunina og ársskýrslu nets opinberra vinnumiðlana. Skrifstofan skal starfa náið með skrifstofu atvinnumálanefndarinnar til að samræma framtaksverkefni og auka samstarf milli nets opinberra vinnumiðlana og atvinnumálanefndarinnar.“

6) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

#### **Fjárstuðningur**

Nauðsynlegt heildarfjármagn til framkvæmdar þessari ákvörðun skal gert aðgengilegt í samræmi við fjárhagsrammann til margra ára fyrir tímabilið 2021/2027 og skulu árlegar fjárveitingar hennar háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan fjárhagsrammans.“

7) Í stað 2. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Valdaframsalið sem um getur í 8. gr., skal falið framkvæmdastjórninni til 31. desember 2027.“

8) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

#### **Endurskoðun**

Eigi síðar en 30. september 2026 skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina. Í skýrslunni skal m.a. meta að hvaða marki net opinberra vinnumiðlana hefur stuðlað að því að ná markmiðunum sem sett eru fram í 3. gr.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2020.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

D. M. SASSOLI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. ROTH

*forseti.*